



Héraðsskjalasafn Árnesinga

Aukaaðalfundur Héraðsskjalasafns Árnesinga bs. haldinn í Rauða Húsinu á Eyrarbakka 14. apríl 2026.

Aukaaðalfundur Héraðsskjalasafns Árnesinga bs. er haldinn í Rauða húsinu á Eyrarbakka þriðjudaginn 14. apríl 2026 að viðstöddum undirrituðum fulltrúum. Þorsteinn Tryggvi Másson, safnstjóri Héraðsskjalasafns Árnesinga bs. situr einnig fundinn.

Dagskrá aukaaðalfundar (vorfundur).

1. Fundarsetning (kosning fundarstjóra og fundarritara)

Brynhildur Jónsdóttir, fulltrúi stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesinga bs., setur fundinn kl. 10:31 og býður fulltrúa velkomna. Í upphafi fundar kallar formaður eftir athugasemdum við útsent fundarboð. Engar athugasemdir eru gerðar. Formaður leggur til að Brynhildur Jónsdóttir verði fundarstjóri og Rósa Sif Jónsdóttir verði fundarritari og er það samþykkt samhljóða. Síðan er gengið til dagskrár.

2. Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs

Þorsteinn flytur skýrslu stjórnar.

Þorsteinn greinir frá því að skjalageymsluhúsnæði í Hrunamannahreppi hafi gjörbreytt rekstri safnsins. Sýnir hann myndband frá opnun hússins sem fram fór 1. desember sl. Starfsmenn safnsins hafa sjálfir unnið mikið að uppsetningu á ýmsu í húsnæðinu.

Unnið er að skráningu skjala frá árinu 2022 en sveitarfélög eru að fara yfir í rafræn skil. Öll sveitarfélög skiluðu inn tilkynningu fyrir síðustu áramót og ef horft er fram til ársins 2032 þá verður enginn með pappír það verður að öllum líkindum allt orðið rafrænt. Það er gríðarlegt magn að koma til þeirra af gögnum frá sveitarfélögum en nýtt geymsluhúsnæði á að ná að varðveita þau skjöl.

3. Ársreikningur 2025

Þorsteinn fer yfir ársreikning og svarar fyrirspurnum.

Fundarstjóri gefur orðið laust um skýrslu stjórnar og ársreikning og til máls tekur Jón Bjarnason.

Reikningurinn er lagður fram og staðfestur.

4. Fundargerðir stjórnar og haustfundar lagðar fram til kynningar

Þorsteinn fer yfir fundargerðir stjórnar frá 12. mars og 13. apríl sem eru lagðar fram til kynningar.

Fundarstjóri gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

5. Önnur mál

Húsnæðismál á Selfossi.

Á fundi stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesinga bs., 13. apríl 2026, lagði stjórn safnsins fram eftirfarandi bókun:

Stjórn leitar eftir samþykki aukaáðalfundar Héraðsskjalasafns Árnesinga sem haldinn verður 14. apríl 2026, þar sem forstöðumanni og stjórn er falið að leita að hentugu húsnæði á Selfossi til kaups.

Við leit að húsnæði verður litið til þarfagreiningar sem unnin var af Verkfræðistofunni Eflu og forstöðumanni. Kostnaður vegna kaupa á ekki að hafa áhrif á framlag sveitarfélaganna til reksturs safnsins. Kaup á nýju húsnæði ættu að lækka rekstrarkostnað safnsins til framtíðar.

Þorsteinn fer yfir stöðu húsnæðismála safnsins á Selfossi og hverju þarf að huga að í nýju húsnæði.

Fundarstjóri gefur orðið laust og til máls taka Fjóla St. Kristinsdóttir, Helgi Kjartansson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Álfheiður Eymarsdóttir, Haraldur Þór Jónsson, Jón Bjarnason, Árni Eiríksson og Daði Geir Samúelsson.

Fundurinn samþykkir að forstöðumanni og nýrri stjórn verði falið að leita að hentugu húsnæði á Selfossi til kaups. Einn fulltrúi situr hjá við afgreiðsluna.

Fundi slitið kl. 11:05.

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð
Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg
Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg
Þórhildur Dröfn Ingvadóttir, Sveitarfélagið Árborg
Fjóla St. Kristinsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélagið Árborg
Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Sveitarfélagið Árborg
Álfheiður Eymarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Ellý Tómasdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Ari Björn Thorarensen, Sveitarfélagið Árborg
Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur
Daði Geir Samúelsson, Hrunamannahreppur, áheyrnarfulltrúi
Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógarbyggð
Smári Bergmann Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppur
Ragnheiður Eggertsdóttir, Grímsnes- og Grafningshreppur, áheyrnarfulltrúi
Árni Eiríksson, Flóahreppur
Friðrik Sigurbjörnsson, Hveragerði
Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Hveragerði
Vilhjálmur Baldur Guðmundsson, Sveitarfélagið Ölfus
Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus
Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður
Rósa Sif Jónsdóttir, ritari.